

Nafn framteljanda	Kennitala
Heimilisfang	Sveitarfélag

Heiti verkefnis skv. umsókn til Rannís		Nr. verkefnis hjá Rannís	
Tegund verkefnis	☐ Próunarverkefni ☐ Rannsóknarverkefni		
Stærð fyrirtækis	☐ Lítið ☐ Meðalstórt ☐ Stórt Skilgreiningar á stærð fyrirtækja er að finna á bakhlið.		
Opinber birting á rannsóknarverkefni	☐ Niðurstöðum verður dreift með birtingu í vísinda- eða tækniritum, á ráðstefnum, gegnum opin gagnasöfn eða í gegnum ókeypis eða opinn hugbúnað.		
☐ Samstarfsverkefni	Eignarhluti framteljanda í verkefninu. %	Framteljandi skal á þessu eyðublaði tilgreina heildarkostnað við verkefnið.	Athugið! Jafnframt skal skila RSK 4.22 .

Gjaldfærður styrkhæfur kostnaður skv. framtali (sbr. áritaða kostnaðargreinargerð með framtali)

Launakostnaður, þ.m.t. tryggingagjald (eigin starfsmenn vegna beinnar vinnu við nýsköpunarverkefnið)	kr.
Verktakakostnaður, skv. verktakamiðum (annar en aðkeypt rannsóknar- og próunarvinna skv. staðfestingu Rannís)	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af vélum og tækjum vegna beinnar notkunar við rannsóknarverkefnið	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af byggingum og landi vegna beinnar notkunar við rannsóknarverkefnið	kr.
Kostnaður við rannsóknir, aðkeypt einkaleyfi o.þ.h.	kr.
Efnis- og birgðakostnaður vegna rannsóknarverkefnis	kr.
Annar beinn kostnaður vegna rannsóknarverkefnis, hvaða?	kr.
Annað, hvað?	kr.
Annað, hvað?	kr.
Samtals	kr.

Aðkeypt innlend rannsóknar- og próunarvinna, sem staðfest hefur verið af Rannís

Nafn og kennitala seljanda		
Hvaða vinna var keypt?		kr.
Nafn og kennitala seljanda		
Hvaða vinna var keypt?		kr.
Samtals	kr.	

Aðkeypt erlend rannsóknar- og þróunarvinna, sem staðfest hefur verið af Rannís

Nafn og erlend kennitala / TIN-númer seljanda		Land
Hvaða vinna var keypt?		kr.
Nafn og erlend kennitala / TIN-númer seljanda		Land
Hvaða vinna var keypt?		kr.
Samtals ►		kr.

Fengnir opinberir styrkir

Nafn og kennitala greiðanda		kr.
Nafn og kennitala greiðanda		kr.
Nafn og kennitala greiðanda		kr.
Samtals ►		kr.

Gjaldfærður styrkhæfur kostnaður

Kostnaður alls		kr.
Stofn til útreiknings á skattafslætti		kr.
Reiknaður skattafsláttur		kr.
Lækkun vegna opinberra styrkja		kr.
Reiknaður skattafsláttur ►		kr.
Hlutur framteljanda sem færist í reit 0988 á framtali RSK 1.04 ►		kr.

Skýringar

Blaðið er ætlað fyrir þau félög sem eiga rétt á skattfrádrætti vegna kostnaðar sem lagt var í vegna nýsköpunarverkefna á árinu. Skilyrði er að verkefnið hafi hlotið staðfestingu Rannís, sbr. lög nr. 152/2009.

Hafi framteljandi með höndum fleiri en eitt verkefni, sem hlotið hafa staðfestingu Rannís, þarf að skila einu eyðublaði RSK 4.21 fyrir hvert verkefni.

Tilgreina þarf hvort um er að ræða þróunar- eða rannsóknarverkefni. Sérstakar reglur gilda um frádrátt vegna rannsóknarverkefna þar sem niðurstöðum verður dreift og þær birtar ókeypis og opinberlega. Auðkenna þarf þau verkefni með því að merkja á viðeigandi stað í efsta hluta blaðsins.

Samstarfsverkefni

Ef tvö eða fleiri ótengd nýsköpunarfyrirtæki standa saman að verkefni skal gera grein fyrir því á eyðublaði **RSK 4.22**.

Styrkhæfur kostnaður

- Launakostnaður, þ.m.t. tryggingagjald (eigin vísindamenn, tæknimenn og annað aðstoðarfólk sem vinnur beint að rannsóknarverkefninu).
- Kostnaður við tæki og búnað að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið. Ef fyrrgreind tæki og búnaður eru ekki notuð allan endingartíma sinn við rannsóknarverkefnið telst aðeins afskrifaður kostnaður, sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja.
- Kostnaður tengdur byggingum og landi, að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið, telst, að því er varðar byggingar, aðeins afskrifaður kostnaður sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja. Að því er varðar land er útlagður kostnaður við afsal eða fjármagnskostnaður, sem stofnað er til í reynd.
- Kostnaður í tengslum við samningsbundnar rannsóknir, tækniþekkingu og einkaleyfi, sem keypt eru, eða leyfi sem eru fengin frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði í viðskiptum ótengdra aðila og ekkert samráð á sér stað, sem og kostnaður vegna ráðgjafar og sambærilegrar þjónustu sem er eingöngu nýtt í tengslum við rannsóknarstarfsemina.
- Annar kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnisins.
- Annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og þess háttar sem stofnað er til í beinum tengslum við rannsóknarstarfsemina.

Aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna

Aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna telst styrkhæfur kostnaður ef vinnan er keypt af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun og er ætluð til nota í staðfestu nýsköpunarverkefni.

Skattfrádráttur

Frádrátturinn er 35% af styrkhæfum kostnaði hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en 25% hjá stórum fyrirtækjum. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti er 1.100 milljónir kr., þar af er heimilt að telja til þeirrar fjárhæðar allt að 20% (220.000.000 kr.) vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu. Af því leiðir að skattfrádráttur framteljanda, sem færir á reit 0988 á framtali, getur að hámarki orðið 385 milljónir kr. Þetta hámark gildir um hvert fyrirtæki, hvort sem það er eigandi að einu nýsköpunarverkefni eða fleirum. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álögðum tekjuskatti takmarkast við samanlagðan kostnað fyrirtækja sem teljast tengd og sótt hafa um skattfrádrátt samkvæmt lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Sé samanlagður kostnaður umfram hámarkið skiptist frádráttur af öllum styrkhæfum kostnaði hlutfallslega milli fyrirtækjanna.

Fengnir opinberir styrkir

Ef verkefnið nýtur opinberra styrkja takmarkast skattfrádrátturinn þannig að frádrátturinn og fengnir opinberir styrkir geta samanlagt ekki orðið hærri en tiltekið hlutfall af styrkhæfum kostnaði. Hlutfallið ræðst að stærð fyrirtækis og tegund kostnaðar. Fyrir rannsóknarverkefni er hlutfallið hærri ef niðurstöðum er dreift og þær birtar ókeypis og opinberlega.

Stærð fyrirtækis Próunarverkefni Rannsóknarverkefni Ranns./opinber birting

Lítið	45%	70%	80%
Meðalstórt	35%	60%	75%
Stórt	25%	50%	65%

Stærð fyrirtækja

Lítið fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 10 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 10 milljónum evra, sbr. l. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ESB nr. 651/2014 frá 17. júní 2014.

Meðalstórt fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. l. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ESB nr. 651/2014.

Stórt fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. l. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ESB nr. 651/2014.

Skilgreining laga 152/2009 með tilvísun í framangreindan viðauka felur í sér **að horfa þarf til allrar samstæðunnar þegar stærð fyrirtækjanna er ákvörðuð**, ekki bara umsóknarfyrirtækisins (dótturfélag) hér á landi. Sjá nánar:

<https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32014R0651.pdf>

Greiðsla skattfrádráttar

Skattfrádráttur kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður skattfrádráttur er mismunurinn greiddur út.

Álag

Ríkisskattstjóra er heimilt að gera nýsköpunarfyrirtæki, sem hlotið hefur skattfrádrátt skv. 10. gr. laga nr. 152/2009, að greiða 25% álag á lækkun skattfrádráttar hafi það oftalið frádráttarþæran kostnað. Falla skal frá álaginu ef sýnt er fram á að skattaðila verði eigi kennt um annmarkana. Enn fremur skal ekki leggja á álag ef um refsiverðan verknæð er að ræða.

Vakin er athygli á því að sé talið rangt eða villandi fram af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi fer með slíkt brot skv. 8. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eða eftir atvikum almennum hegningarlögum.